



Ráðhús Reykjavíkur - borgarráð

Ráðhús Reykjavíkur  
101 REYKJAVÍK

***Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um safnmuni sem tilheyrðu upphaflegri sýningu Sjóminjasafnsins - R19110400***

Þann 28. nóvember sl. lagði borgarráðsfulltrúi Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Hvað hefur verið gert við þá muni sem m.a. eldri sjómenn hafa gefið Sjóminjasafnsins sem tilheyrðu upphaflegri sýningu safnsins og eru ekki hluti af nýrri sýningu? Var þeim fargað eða settir í geymslu?

Þann 2. desember sl. var ofangreind fyrirspurn send menningar- og ferðamálasviði til umsagnar. Guðbrandur Benediksson, safnstjóri Borgarsögusafns sem Sjóminjasafnið tilheyrir, veitti eftirfarandi svör:

Þegar eldri sýning Sjóminjasafnsins var tekin niður árið 2017, var skráðum munum í eigu safnsins, sem ekki fóru á nýja sýningu, komið fyrir í geymsluhúsnæði Borgarsögusafns á Árbæjarsafni, en lánsmunum var skilað til eigenda. Á Árbæjarsafni er safnkostur Sjóminjasafnsins núna varðveittur við prýðilegar aðstæður, þar sem unnið er að aukinni skráningu og þessi dægrin er jafnframt unnið að bættum brunavörnum í geymsluhúsnæðinu.

Arna Schram  
sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs